



Ráðhús Reykjavík
Borgarráð
Tjarnargötu 11
101 Reykjavík

Tillaga að breytingum á reglum um stuðningsþjónustu

Á fundi velferðarráðs þann 17. nóvember 2016 var lögð fram eftirfarandi tillaga að breytingu á reglum um stuðningsþjónustu í Reykjavík, dags. 11. október 2016.

Forstöðumaður lögfræðiskrifstofu og skrifstofustjóri skrifstofu þjónustu heim gerðu grein fyrir málinu.

Tillagan var samþykkt samhljóða.

Þetta er hér með sent ykkur til samþykktar.

Velferðarsvið Reykjavíkurborgar óskar eftir því að að skrifstofa borgarstjórnar annist birtingu framangreindar reglna í B-deild Stjórnartíðinda.

Virðingarfyllst,


Stefán Eiríksson
sviðsstjóri



Reykjavíkurborg
Velferðarsvið

Dagsetning: 11.10.2016
Skrifstofa: Þjónustan heim
Unnið af: Sigurbjörg Fjölvisdóttir / Jenný
Stefanía Jensdóttir/Bára
Sigurjónsdóttir/
Ábyrgð: Berglind Magnúsdóttir /
Helga Jóna Benedikts-
dóttir/Agnes Sif Andrésdóttir
GoPro: VEL2016020017

Lagt fyrir velferðarráð 17. nóvember 2016

Tillaga

að breytingum á reglum um stuðningsþjónustu í Reykjavík

Lagt er til að gerðar verði breytingar á 3. gr. reglna um stuðningsþjónustu í Reykjavík.

Greinargerð

Velferðarsvið Reykjavíkurborgar veitir stuðningsþjónustu til fatlaðs fólks á grundvelli 21., 24. og 25. gr. laga um málefni fatlaðs fólks nr. 59/1992. Reglur Reykjavíkurborgar um stuðningsþjónustu, sem samþykktar voru í velferðarráði þann 30. maí 2012 og í borgarráði þann 7. júní 2012 og tóku gildi þann 1. september 2012, tóku ekki til þeirra sem voru orðnir 67 ára gamlir. Afgreiðsla mála hefur hingað til verið með þeim hætti að ef um var að ræða einstaklinga sem höfðu náð 67 ára aldri og ekki notað stuðningsþjónustu áður var fjallað um mál þeirra samkvæmt lögum um málefni aldraðra nr. 125/1999 en þar er ekki kveðið á um skyldu sveitarfélaga til að veita stuðningsþjónustu. Því hefur nýjum umsóknum fatlaðra aldraðra einstaklinga um stuðningsþjónustu hingað til verið hafnað.

Í úrskurði úrskurðarnefndar velferðarmála nr. 42/2016 frá 9. september 2016 kemur fram að sveitarfélögum sé ekki heimilt að synja einstaklingum um þjónustu eingöngu út frá aldri heldur þurfi að fara fram heildarmat á aðstæðum viðkomandi. Þannig sé Reykjavíkurborg ekki heimilt að synja fötluðum einstaklingum sem orðnir eru 67 ára um stuðningsþjónustu ef þeir uppfylla önnur skilyrði til að fá þá þjónustu.

Í ljósi framangreinds úrskurðar er talið rétt að breyta núgildandi reglum Reykjavíkurborgar um stuðningsþjónustu til þess að einstaklingar sem náð hafa 67 ára aldri og eru sannanlega fatlaðir geti átt rétt á þeirri þjónustu sem lög um málefni fatlaðs fólks kveða á um. Fatlaðir einstaklingar sem náð hafa 67 ára aldri og búa þar sem greidd eru daggjöld frá ríkinu, s.s. á hjúkrunarheimilum, munu þó ekki öðlast rétt á stuðningsþjónustu samkvæmt reglum Reykjavíkurborgar enda verði að telja að hjúkrunarheimili og sambærilegar stofnanir eigi að

þjóða upp á samþætta þjónustu fyrir þá einstaklinga. Í því sambandi er vísað til kröfúlýsinga sem velferðarráðuneytið og embætti landlæknis hafa sett fyrir hjúkrunarheimili varðandi þá þjónustu sem þar ber að veita.

Tillaga

Lagt er til að eftirtaldar breytingar verði gerðar á 3. gr. reglna um stuðningsþjónustu í Reykjavík.

3. gr. reglna um stuðningsþjónustu er nú svohljóðandi:

3. gr.

Réttur til stuðningsþjónustu

*Forsenda fyrir því að geta sótt um stuðningsþjónustu er að umsækjandi búi í sjálfstæðri búsetu og eigi lögheimili í Reykjavík að fullnægðum frekari skilyrðum sem fram koma í 5. og 7. gr. Sjálfstæð búseta samkvæmt reglum þessum felur ekki í sér sértæk húsnæðisúrræði s.s. í búsetukjarna og sértæk húsnæðisúrræði með sameiginlegu rými, þar sem stuðningsþjónusta skal veitt af þjónustuaðila slíkra úrræða. Óski notandi sértæks húsnæðisúrræðis þess að liðveisla sé framkvæmd af öðrum starfsmanni en veitir reglulega þjónustu innan húsnæðisúrræðisins, þá komi framkvæmdaraðili til móts við óskir notenda eftir því sem kostur er. Þeir einir geta átt rétt á stuðningsþjónustu samkvæmt reglum þessum sem falla undir þau
Að jafnaði er stuðningsþjónusta ekki veitt börnum yngri en 6 ára nema um sé að ræða þjónustu stuðningsfjölskyldu.*

Lagt er til að 3. gr. reglna um stuðningsþjónustu verði svohljóðandi:

Forsenda fyrir því að geta sótt um stuðningsþjónustu er að umsækjandi búi í sjálfstæðri búsetu og eigi lögheimili í Reykjavík að fullnægðum frekari skilyrðum sem fram koma í 5. og 7. gr. Sjálfstæð búseta samkvæmt reglum þessum felur ekki í sér sértæk húsnæðisúrræði s.s. í búsetukjarna og sértæk húsnæðisúrræði með sameiginlegu rými, þar sem stuðningsþjónusta skal veitt af þjónustuaðila slíkra úrræða. Einstaklingar sem búa á hjúkrunarheimili eða stofnun þar sem greidd eru daggjöld frá ríkinu eiga ekki rétt á stuðningsþjónustu.

Óski notandi sértæks húsnæðisúrræðis þess að liðveisla sé framkvæmd af öðrum starfsmanni en veitir reglulega þjónustu innan húsnæðisúrræðisins, þá komi framkvæmdaraðili til móts við óskir notenda eftir því sem kostur er. ~~Þeir einir geta átt rétt á stuðningsþjónustu samkvæmt reglum þessum sem falla undir þau~~

Að jafnaði er stuðningsþjónusta ekki veitt börnum yngri en 6 ára nema um sé að ræða þjónustu stuðningsfjölskyldu.

Hafi einstaklingur, sem orðinn er 67 ára og telst fatlaður í skilningi laga nr. 59/1992 um málefni fatlaðs fólks, fengið stuðningsþjónustu áður en hann náði þeim aldri getur

hann átt rétt á þjónustu áfram að uppfylltum nánar tilgreindum skilyrðum í reglum þessum.

Einstaklingur sem náð hefur 67 ára aldri og sækir um þjónustu samkvæmt reglum þessum getur átt rétt á stuðningsþjónustu ef sýnt þykir að fötlun hans stafi ekki af aldurstengdri skerðingu.

Kostnaðarmat á tillögu að breytingum á 3. gr. reglna um stuðningsþjónustu í Reykjavík frá skrifstofu fjármála- og rekstrar

Skrifstofa fjármála og rekstrar hefur lagt kostnaðarmat á framangreinda tillögu, miðað við þær forsendur sem tiltekna eru.

Stuðningsþjónusta við fatlaða einstaklinga í sjálfstæðri búsetu skv. 3. gr. er skilgreind sem frekari liðveisla í bókhaldi velferðarsviðs, til aðgreiningar frá félagslegri liðveislu.

Viðmiðun sem notast er við er árið 2015, en þá nutu alls 182 einstaklingar frekari liðveislu. Aldursgreining þjónustunotenda má sjá í Töflu 1.

Tafla 1 Aldursgreining frekari liðveisla árið 2015

	9-12 ára	18-19 ára	20-24 ára	25-29 ára	30-39 ára	40-49 ára	50-59 ára	60-66 ára	67-79 ára	Samtals
Karlar	1	3	13	7	21	14	22	19	3	103
Konur		3	8	4	20	10	25	6	3	79
Samtals	1	6	21	11	41	24	47	25	6	182

Heildarkostn þús.kr	Fjöldi Vinnust.	Meðal kostn/vst	Meðal kostn/notenda
163.316	61.990	2.635 kr.	897.340 kr.

Kostnaður vegna þjónustunotenda er mjög mismunandi, þar sem vinnustundir miðast við þjónustuþörf viðkomandi. Við útreikninga er því miðað við meðalkostnað á notanda eins og hann var árið 2015 **897.340 kr.** og ekki er gert

ráð fyrir að nýir notendur í frekari liðveislu bætist við eftir 67 ára, en lagt er mat á hversu margir notendur hættu þjónustu 67 ára og myndu koma aftur í þjónustu, vegna breyttra reglna.

Í aldurshópnum 67-79 ára eru 6 einstaklingar á aldrinum 71-77 ára, sem enn njóta frekari liðveislu og gert ráð fyrir að þeir haldi áfram.

Aðeins 4 einstaklingar eru í aldurshópnum eldri en 67 ára sem hættu árið 2015 og gert ráð fyrir að kæmu aftur í þjónustu.

Kostnaðarmat

Ef miðað er við að allur aldurshópurinn 60-67 ára haldi áfram í frekari liðveislu eftir 67 ára aldur, eða alls 25 einstaklingar getur heildarkostnaður á ári numið kr. 22,4 m.kr. að hámarki

og ef til viðbótar bættust þeir 4 einstaklingar, sem voru ekki í þjónustu eftir 67 ára aldur myndi kostnaður verða að hámarki 26 m.kr.¹ á fimm ára bili.

Ef gert er ráð fyrir jafnri dreifingu aldursbils, yrði viðbótar kostnaður vegna einstaklinga 67 ára og eldri 5,2 m.kr. á ári að meðaltali.

Samantekt

Lagt er til að breytingar verði gerðar á 3. gr. reglna um stuðningsþjónustu í Reykjavík til þess að fatlaðir einstaklingar sem náð hafa 67 ára aldri geti einnig átt rétt á stuðningsþjónustu. Þrátt fyrir kostnaðarmat með þessari tillögu er erfitt að leggja raunverulegt mat á umsóknir aldraðra fatlaðra einstaklinga um stuðningsþjónustu. Eins og þjónustan hefur verið veitt hingað til hafa einstaklingar haldið áfram með stuðningsþjónustu ef þeir hafa fengið hana fyrir 67 ára aldur og eru ekki komnir á hjúkrunarheimili. Því er ekki gert ráð fyrir breytingum hjá þeim hópi. Erfitt er hins vegar að spá fyrir um nýjar umsóknir aldraðra einstaklinga um liðveislu eða frekari liðveislu og því munu verða teknar saman miðlægt allar þær upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að fá yfirsýn yfir stöðu hópsins og fjölgun umsókna.

Þrátt fyrir að kostnaðarauki verði líklega einhver, er talið rétt að gera framangreindar breytingar sem lagðar eru til á reglunum og því er lagt til að velferðarráð samþykki tillöguna.

¹ Ekki er lagt mat á viðbótarkostnað vegna aldurshópsins 50-59 ára, sem kæmi til álita eftir 7 ár